

## 6. stjórnarfundur Siðmenntar 2020

Priðjudaginn 14. apríl 2020, kl. 18:00 fjarfundur í gegnum Zoom. (fundi frestað frá 7. apríl)

**Mætt á fund:** Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir, Margrét Pétursdóttir (meðstjórnandi), Karen Edda Benediktsdóttir (meðstjórnandi) Sveinn Atli Gunnarsson (meðstjórnandi), Hope Knútsson (varamaður), Árný Björnsdóttir (varamaður), Stefán Rafn Sigurbjörnsson (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

**Boðuð forföll:**

**Fundarritun:** Inga Auðbjörg K. Straumland og Siggeir F. Ævarsson

**Fundardagskrá í svörtum lit**

Viðbætur ritara í bláum lit

## Dagskrá/Fundargerð

### 1. Áhrif Covid-19 á starfsemi Siðmenntar, stöðuuppfærsla

#### a. Borgaralegar fermingar

Öllum stórum fermingarathöfnum í samkomubanni hefur verið frestað eins og áður hefur komið fram.

Upp er komin sú óþægilega stað að Háskólabíó er ekki laust síðustu helgina eins og áður hafði verið staðfest. Allt er á fullu við að skoða nýja staði, t.d. Borgarleikhús, Hörpu, Salinn og jafnvel FG.

Borgarleikhús og Harpa myndu sennilega koma út með einhverju tapi, nema okkur takist að svo til fullnýta plássið.

Enn er verið að finna nýja dagsetningar fyrir um 50 börn sem hafa ekki staðfest nýjar dagsetningar.

Beðið er eftir uppfærðri stöðu þann 4. maí. Komið gæti til þess að aflýsa þurfi athöfn 17. júní. Starfsfólk metur stöðuna 4. maí og heldur stjórn upplýstri.

## **b. Athafnaþjónusta**

Þrjár athafnir á dagskrá í apríl eins og staðan er núna, 15 í maí. 13 hefur verið frestað án nýrrar dagsetningar.

Ákveðið að nýta tímann til að skerpa á ýmsu í athafnaþjónustunni, eins og afbókunum og staðfestingargjaldi. Einnig vinnureglur varðandi útskipti á athafnastjórum.

Framkvæmdastjóri setur upp fyrir næsta stjórnarfund.

Formaður ætlar að skoða leiðbeiningar til athafnastjóra vegna tekjufalls/framtalsleiðbeiningar.

## **c. Erlent samstarf**

Norræni fundurinn í Færeyjum hefur ekki verið formlega blásinn af, en ekkert heyrst frá skipuleggjendum í Færeyjum. Norðmenn og Danir hafa þegar hætt við þátttöku, svo að við höfum hætt við líka, og fengið kostnað að mestu endurgreiddan. (Flug 80% og gistingu 50%)

Aðalfundur EHF í Róm hefur verið formlega blásinn af. Ekkert hafði verið bókað svo að ekkert fjárhagstjón hlýst af þessum fundi.

Aðalþingið í Miami er enn á dagskrá, en skipuleggjendur hafa hvatt alla til að bíða með að bóka flug og gistingu. Norðmenn hafa þegar gefið út að þeir muni senda mjög fáa fulltrúa. Aðalþing ungliðahreyfinga hefur þegar verið blásið af.

## **2. Gjaldskrár 2021**

### **a. Könnun**

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Kallað verði eftir álitum athafnastjóra (nafnlaus könnun) á gjaldskrá og bóknunum til viðmiðs fyrir næsta ár. Sérstaklega mikilvægt að skoða útfarir, en einnig BF. Lagt fyrir næsta stjórnarfund.

### **3. Ársgjald HI**

- a. Nýr og lægri reikningur hefur borist, um 18% lægri. Gjaldið var vitlaust reiknað út fyrst. Norðmenn hafa ekki svarað óskum okkar um fund. Eins og staðan er núna erum við ekki virkir aðilar að félaginu.

### **4. Önnur mál**

Engin önnur mál.

*Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 5. maí 2020 kl. 17:00.*

*Fundi slitið klukkan: 18:58*